



SKÝRSLA MEÐ ÁRSREIKNINGI ÍSAFJARÐARBÆJAR 2025



EFNISYFIRLIT

ALMENNAR FORSENDUR	1
LAGAUMGJÖRD	1
VELFERÐARSVIÐ	2
SKRIFSTOFA VELFERÐARSVIÐS	2
ÞJÓNUSTA VELFERÐARSVIÐS	3
SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐ	8
SKRIFSTOFA SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐS	8
SKÓLAR	8
ÍÞRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL	12
STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ	15
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	15
VERKEFNI STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐS	15
MENNINGARMÁL OG ATVINNUMÁL	19
UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐ	23
SKRIFSTOFA UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐS	23
SKIPULAGSMÁL	23
BYGGINGAMÁL	23
VIÐHALD OG FRAMKVÆMDIR	24
FASTEIGNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR	25
SLÖKKVILID ÍSAFJARÐARBÆJAR	27
STÖRF SLÖKKVILIDS ÁRIÐ 2025	27
HAFNASJÓÐUR	30
HAFNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR	30
FJÁRFESTINGAR	31

ALMENNAR FORSENDUR

LAGAUMGJÖRD

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2025 er lagður fram og unnin samkvæmt fyrirmælum 61. gr. [sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011](#). Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, það er sveitarsjóð, stofnanir þess og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningsskilavenju. Í ársreikningi skal koma fram samanburður við ársreikning undanfarins árs, upphaflega fjárhagsáætlun ársins, og fjárhagsáætlun ársins ásamt viðaukum. Ársreikningur sveitarfélags skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert. Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélags, stofnana sveitarfélags og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Reikningsár sveitarfélaga er almanaksárið. Sveitarfélög, stofnanir þeirra og fyrirtæki eru bókhaldsskyld og gilda ákvæði laga um bókhald og laga um ársreikninga, svo og aðrar góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur, um bókhald og reikningsskil sveitarfélaga. Bókhaldi sveitarfélags skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og skulu reikningsskil gefa glögga mynd af rekstri, efnahag og sjóðstreymi.

Í samræmi við 72. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning sveitarfélags og í því sambandi kanna bókhaldsgögn sveitarfélagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu. Endurskoðandi skal gera grein fyrir áliti sínu í áritun sinni á ársreikninginn. Endurskoðandi sveitarfélags skal jafnframt kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnarsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrgja fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.

Með hliðsjón af ársreikningi Ísafjarðarbæjar 2025 leggur bæjarstjóri jafnframt fram ársskýrslu sveitarfélagsins 2025 þar sem fjallað er um helstu verkefni, samninga, framkvæmdir og starfsemi sveitarfélagsins á árinu 2025.

VELFERÐARSVIÐ

Velferðarsvið Ísafjarðarbæjar hefur það hlutverk að rækja lögbundnar skyldur sveitarfélagsins á metnaðarfullan hátt með hagsmuni íbúanna í fyrirrúmi. Lögð er áhersla á að efla félagsauð samfélagsins með hvatningu til ábyrgðar og heilbrigðra lífshátta. Hlutverk velferðarsviðs er að veita íbúum Ísafjarðarbæjar leiðbeiningar og úrlausnir eftir því sem við á í þjónustu og styður við þátttöku þeirra í samfélaginu. Starfsmenn á sviðinu voru alls 134 á árinu 2025. Það er fækkun frá fyrra ári sem helgast fyrst og fremst af fækkun búseta og meiri stöðugleika í starfsmannahaldi.

Ísafjarðarbær er leiðandi sveitarfélag fyrir Súðavíkurrepp í félagsþjónustu og er einnig með samning um vinnslu barnaverndarmála á 3. stigi. Það þýðir að velferðarsvið Ísafjarðarbæjar veitir íbúum Súðavíkurrepps alla sérfræðiþjónustu í félagsmálum, fötlunarmálum og barnavernd.

Þá sinnti Ísafjarðarbær einnig málstjórn 3. stigs mála fyrir Bolungarvíkurkaupstað árið 2025 og hefur unnið barnaverndarmál óslitið frá árinu 2002. Samningurinn þarfnast endurskoðunar.

Ísafjarðarbær er leiðandi sveitarfélag í barnaverndarþjónustu og málefnum fatlaðs fólks á Vestfjörðum samkvæmt samningi sem öll sveitarfélög á Vestfjörðum, átta talsins, hafa gert með sér. Samningurinn var endurskoðaður á árinu 2025. Fjögur félagsþjónustusvæði eru á Vestfjörðum: Félagsþjónusta Stranda- og Reykhóla, félagsþjónusta Vestur- Barðastrandarsýslu, félagsþjónusta Bolungarvíkurkaupstaðar og velferðarsvið Ísafjarðarbæjar með Súðavíkurreppi.

Allar barnaverndartilkynningar sem berast félagsþjónustusvæðunum á Vestfjörðum eru lagðar fyrir sameiginlegan fund barnaverndarteymis sem haldinn er einu sinni í viku. Barnaverndarteymið samanstendur af starfsmönnum í barnavernd hjá Ísafjarðarbæ og Vesturbyggð, ásamt sviðs- og félagsmálástjórum félagsþjónustusvæðanna. Vesturbyggð og félagsþjónusta Stranda og Reykhóla vinna barnaverndarmál á sínu svæði en velferðarsvið Ísafjarðarbæjar fyrir norðanverða Vestfirði.

Í velferðarnefnd sitja fimm fulltrúar Ísafjarðarbæjar og einn áheyrnarfulltrúi Súðavíkurrepps með málfrlsi og tillögurétt. Breytingar á starfsemi nefndarinnar á grundvelli samnings um Velferðarþjónustu Vestfjarða voru ekki gerðar á árinu 2025. Nefndin fundaði tólf sinnum á árinu. Fjöldi funda á árinu 2025 hjá öðrum nefndum, ráðum og teyllum voru: Öldungaráð fundaði þrisvar sinnum, fulltrúaráð Velferðarþjónustu Vestfjarða fundaði þrisvar sinnum, notendaráð fatlaðra á Vestfjörðum fundaði einu sinni, framkvæmdaráð Velferðarþjónustu Vestfjarða fundaði átta sinnum, barnaverndarteymi Velferðarþjónustu Vestfjarða fundaði fimmtíu og þrisvar sinnum og félagsmálateymi Ísafjarðarbæjar fundaði fimmtíu og tvisvar sinnum.

SKRIFSTOFA VELFERÐARSVIÐS

Á skrifstofu velferðarsviðs starfa alls átta manns með fasta viðveru. Fleiri starfsmenn eru með reglulega viðveru á skrifstofunni svo sem tilsjón í barnavernd, teymisstjórar í búsetu, forstöðumaður Hvestu, forstöðumaður stuðningsþjónustu, öldrunarfulltrúi, sérfræðingar frá Barnahúsi og sérfræðingar í aðkeyptri þjónustu.

Auk sviðsstjóra eru virk 2,6 stöðugildi í barnavernd, 3,0 stöðugildi í félagsþjónustu, 1,0 stöðugildi í mál-efnum fatlaðra, 1,0 stöðugildi forstöðumanna í búsetu, tvö 50% stöðugildi teymisstjóra í búsetu, 1,0 stöðugildi forstöðumanns Hvestu og skammtímavistunar, eitt stöðugildi forstöðumanns í stuðningsþjónustu og eitt stöðugildi öldrunarfulltrúa. Á árinu 2025 voru samþykktar stöðugildaheimildir fullnýttar þar til í september þegar fæðingarorlof hófst hjá einum ráðgjafa.

Kostnaður vegna stöðugildis sviðsstjóra skiptist með millifærslum niður á almenna félagsþjónustu 40%, barnaverndarþjónustu 10% og þjónustu við fatlað fólk 50%.

Ekki hafa verið ráðnir starfsmenn til sumarafleysinga á skrifstofu velferðarsviðs. Það hefur hins vegar reynst nauðsynlegt í búsetum og stuðningsþjónustu. Ekki hefur gengið vel að finna afleysingar til dæmis í útsendingu matar og hafa deildarstjóri í félagsþjónustu og sviðsstjóri leyst af þegar svo ber undir.

Kyrrstaða er í verkefninu „Gott að eldast“ sem hófst árið 2023 í samvinnu við félags- og atvinnumálaráðuneytið. Aðkomu ráðuneytisins að verkefninu með kostun á stöðugildi tengiliðar er lokið. Ætlunin er að taka viðræður upp á ný við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og kanna leiðir í útfærslu á samþættingu.

Sömu sögu er að segja um verkefni sem varðar viðbrögð gegn heimilisofbeldi og öðru ofbeldi í samvinnu við lögregluembættið á Vestfjörðum og dómsmálaráðuneytið. Tvö heilbrigðisumdæmi Vestfjarða taka þátt í verkefninu, ásamt öllum félagsþjónustusvæðunum á Vestfjörðum. Lítil vinnsla hefur verið í því verkefni frá því á haustdögum 2025. Staðan er þó þannig að leiðir og hlutverk í vinnslu ofbeldismála eru skýrari en áður.

Stærsta einstaka verkefnið á árinu 2025 var, líkt og á árinu 2024, áframhaldandi vinna við innleiðingu nýrra farsældarlaga sem tóku gildi 1. janúar 2023. Þar ber hæst samþætting í vinnslu mála með hagsmuni barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi. Verkefnastjóri innleiðingar var að störfum allt árið í samvinnu velferðarsviðs og skóla- og tómsundasviðs. Stöðugildið var að mestu greitt með framlögum frá ráðuneytinu. Verkefnastjórinn mun ljúka störfum í lok árs 2026.

Samningur um sérhæfða velferðarþjónustu á Vestfjörðum sem öll sveitarfélög taka þátt í með Ísafjarðarbæ sem leiðandi sveitarfélag var endurskoðaður á árinu 2025. Samningurinn felur í sér framkvæmd og rekstur barnaverndarþjónustu og þjónustu við fatlað fólk. Þá var samþykktur viðauki við samninginn í desember 2025, sem felur í sér ákvæði um greiðslur til nefndarmanna fyrir fundarsetu. Mun meiri vinna og utanumhald hefur fylgt þessari samvinnu en gert hafði verið ráð fyrir, sérstaklega fyrir sviðsstjóra og deildarstjórana þrjá.

Á árinu 2025 voru 1.155 mál á velferðarsviði, heildarfjöldi opinna mála 862 og heildarfjöldi lokaðra mála 293. Þetta er mikil aukning frá árinu 2024. Eftir standa önnur almenn stjórnarsýslumál og mál sem unnin eru þvert á svið. Jafnframt er nokkur fjöldi mála sem eru þess eðlis að þau eru opin á meðan einstaklingurinn sem um ræðir er í þjónustu sveitarfélagsins. Flest þannig mál varða fatlað fólk og einstaklinga sem glíma við langvarandi félagslegan vanda eða börn sem fóstruð eru af hálfu barnaverndarþjónustunnar.

ÞJÓNUSTA VELFERÐARSVIÐS

Þjónustu velferðarsviðs má skipta í þrjá yfirflokkasem deildarstjórar í hverri fyrir sig bera ábyrgð á:

1. Almenn félagsþjónusta
2. Barnaverndarþjónusta
3. Þjónusta við fatlað fólk

Almenn félagsþjónusta

Ný verkefni og verkefni í vinnslu.

Áfram var unnið að innleiðingu Dala.care en það er forrit sem nýtt er í stuðningsþjónustu (ferliþjónusta, matarþjónusta, félagsleg liðveisla). Skráðir einstaklingar í þjónustu í kerfinu voru um 150 á mánuði árið 2025 en verða fleiri á næstu mánuðum þar sem enn er verið að skrá notendur í félagslegri liðveislu inn í kerfið. Einn skráður einstaklingur getur verið með nokkra þjónustupætti skráða á sig, s.s. dagdeild, matarþjónustu, félagslega heimaþjónustu og akstursþjónustu. Næstu skref eru að tengja Dala.care við Business Central, fjármála og innheimtukerfi Ísafjarðarbæjar, þannig að upplýsingar um veitta þjónustu fari beint til innheimtu um hver mánaðarmót.

Innleiðing farsældarlaganna hefur gengið vel og málum í málstjórn á velferðarsviði hefur fjölgað verulega. Um er að ræða mál á 2. og 3. stigi. Enn er von á fjölgun mála á árinu 2026.

Samhæfingarteymi, sem Tryggingastofnun ríkisins leiðir samkvæmt áætlun um víðtækt samstarf á sviði endurhæfingar og samhæfingu þjónustu, tók til starfa á árinu 2025. Deildarstjóri félagsþjónustu velferðarsviðs er skipaður tengiliður í samhæfingarteymi Vestfjarða og Vesturlands. Um er að ræða heildrænt mat á starfsgetu og færni einstaklings.

Verkefni tengd samningi um samræmda móttöku flóttamanna eru í stöðugri vinnslu og þjónustuáætlanir gerðar samhliða formlegri móttöku. Mikil samvinna er á milli Vinnumálastofnunar og Ísafjarðarbæjar með reglulegum fundum.

Í lok árs 2025 voru 40 flóttamenn í þjónustu sviðsins á Ísafirði, í Súðavík og á Suðureyri, en samningurinn kvað á um 40 flóttamenn í samræmdri móttöku. Samningurinn var því fullnýttur allt árið. Tryggingastofnun ríkisins greiðir flóttamönnum hvorki elli- né örorkulífeyri og því eru einstaklingar í þessari stöðu einungis með rétt til fjárhagsaðstoðar frá sveitarfélaginu þar til réttur hefur skapast hjá Tryggingastofnun ríkisins. Það tekur þrjú ár. Undir lok árs 2025 samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að óska eftir því við ráðuneytið að samningurinn myndi miðast við 30 einstaklinga. Ráðuneytið samþykkti beiðnina.

Almenn félagsþjónusta

Umsóknir um fjárhagsaðstoð, hvers konar, voru 205, umsóknir um afslátt af fasteignagjöldum voru 18, um sérstakan húsnæðisstuðning sóttu 40, endurhæfingaráætlanir voru 9, umsóknir um forgang að leiguíbúð voru 6, nýjar þjónustuáætlanir í móttöku flóttafólks voru 15. Stofnuð mál um félagslega ráðgjöf voru 162 en það skal tekið fram að félagsleg ráðgjöf er líka veitt í málum sem eru tiltekin hér að ofan, allt frá lítilli ráðgjöf til verulegrar ráðgjafar og eftirfylgni. Mikil samvinna er við Vesturafli og Fjölsmiðju, bæði með tilvísunum í úrræðin og jafnframt með greiðslu fjárhagsaðstoðar til einstaklinga í Fjölsmiðjunni í formi styrks. Útgefin framfærsluvottorð árið 2025 voru 16 talsins.

Stuðningsþjónusta

Umsóknir um heimþjónustu voru 109 en í þeirri tölu er þjónusta við fatlað fólk, eldri borgara og öryrkja.

Almenn ánægja ríkir með kvöld- og helgarþjónustu en að jafnaði eru fimm einstaklingar þiggja slíka þjónustu sem veitt er frá klukkan 17:30–20:30, alla daga vikunnar.

Í kvöld- og helgarþjónustu voru innlit alls 1.820 eða 152 á mánuði. Félagsleg innlit voru 1.890, eða 158 á mánuði. Þjónustan er veitt öldruðum, fötluðum og öryrkjum en jafnframt yngri notendum sem glíma við langvarandi áfengis- og/eða vímuefnavanda.

Aðstoð við heimilisþrif námu 2.194 klukkustundum á árinu 2025 sem eru um 183 klst. á mánuði. Notendur þjónustunnar voru 109 á árinu 2025.

Félagsleg liðveisla

Nýjar umsóknir um félagslega liðveislu á árinu 2025 voru 15 og 5 umsóknir um aukningu á þjónustu. Starfsmenn í félagslegri liðveislu eru að meðaltali um 20, samþykkt þjónusta er frá 12–20 tímum á mánuði. Heildarfjöldi í þjónustu félagslegrar liðveislu voru 44, þar af 14 fullorðnir og 30 börn. Ráðgjafi í félagsþjónustu annast félagslegu liðveisluna, sem heyrir þó undir stuðningsþjónustu. 36 einstaklingar, 12 fullorðnir og 24 börn nýttu sér þjónustuna. Alls eru 44 einstaklingar með samþykta þjónustu en 36 einstaklingar eru að nýta þjónustuna. Það hefur gengið illa að fá íslenskumælandi starfsmenn í liðveisluna.

Ferliþjónusta

Umsóknir um ferliþjónustu voru 26. Heildarfjöldi ferða árið 2025 var 4.769 þar af 3.550 fyrir eldri borgara og fatlað fólk, 653 ferðir vegna dagdeildar og 566 ferðir fyrir börn. Það gefur auga leið að utanumhald er töluvert með þjónustunni á velferðarsviði. Mikið hagræði náðist við að Ísafjarðarbær sagði upp þjónustu við verktaka og tók yfir þjónustuna árið 2024.

Málefni aldraðra

Umsóknir um þjónustuíbúð voru 14. Ein íbúð á Tjörn var ekki í leigu allt árið.

Á árinu 2025 voru unnin alls 39 færni- og heilsumöt. Samþykkt voru 18, endurmöt voru 3, hvíldarmött voru 16 en tveimur var hafnað.

Sviðsstjóri velferðarsviðs situr í færni- og heilsumatsnefnd Vestfjarða. Unnið hefur verið að því undanfarin ár af hálfu ráðuneytis að breyta færni- og heilsumati og því hefur skipun í nefndina verið endurnýjuð undanfarin a.m.k. þrjú ár.

Móttökueldhús á Hlíf

Sex starfsmenn sinna þjónustu í mótuneytinu á Hlíf. Seldar máltíðir voru 12.712 þar af voru heimsendar máltíðir 4.049 og seldar máltíðir til dagdeildar 1.106.

Heimsending matar

Tveir starfsmenn skipta með sér akstri á mat í heimahús. Að meðaltali eru um tíu til tólf einstaklingar að fá heimsendingu matar á virkum dögum en fjórir til sex um helgar.

Dagdeild á Hlíf

Umsóknir um dagdvöl á Hlíf voru 12 á árinu 2025. Samningur er í gildi á milli Sjúkratrygginga Íslands og Ísafjarðarbæjar um níu almenn pláss á dagdeild og fjögur fyrir fólk með heilabilun. Árið 2025 var þjónustan veitt einstaklingum frá Ísafirði og Þingeyri. Nýtingin á dagdeild mætti vera betri. Mest voru 11 einstaklingar að nýta þjónustuna en meðalfjöldi er átta einstaklingar. Þar af voru þrír-fjórir einstaklingar með heilabilun í mismikilli þjónustuþörf. Fólkið sem dvelur á dagdeild er virkt í þátttöku í öllu félagsstarfi á Hlíf.

Félagsstarf aldraðra

Öldrunarfulltrúi hefur yfirumsjón með öllu félagsstarfi aldraðra í Ísafjarðarbæ og er í mikilli samvinnu við starfsfólk félagsstarfsins í Súðavík, en þar er starfsfólk enn á vegum Súðavíkurhrepps og er það eina deildin í velferðarmálum sem enn er í forsvari hans. Unnið var að opnun félagsstarfs aldraðra á Flateyri.

Barnaverndarþjónusta

Ísafjarðarbær gerðist leiðandi sveitarfélag í barnaverndarþjónustu seinni hluta ársins 2023. Það fól í sér breytingar á verklagi í barnavernd og verulega auknum samskiptum og samvinnu við aðildarsveitarfélögin. Vikulegir teymisfundir sem áður voru einungis setnir starfsmönnum velferðarsviðs eru nú einnig með fulltrúum frá þremur öðrum félagsþjónustusvæðum. Velferðarteymið fundaði 53 sinnum á árinu 2025.

Málefni fatlaðs fólks

Töluverðar breytingar urðu á árinu 2024 í tengslum við að Ísafjarðarbær gerðist leiðandi sveitarfélag í málaflokknum með samningi sem undirritaður var í október 2023. Öll samskipti við ráðuneyti og stofnanir í málaflokknum eru nú í forsvari sveitarfélagsins og jafnframt eru samskipti við aðildarsveitarfélögin miklum mun meiri en áður. Eitt stöðugildi deildarstjóra er skilgreint í stjórnun og ráðgjöf. Samningurinn var endurskoðaður á árinu 2025.

Búsetuþjónusta

Starfandi voru tvær búsetueiningar á Ísafirði, í Sindragötu og Pollgötu. Starfsmenn eru alls 24 í 19,48 stöðugildum. Fækkun stöðugilda felst í að þrír starfsmenn í tímavinnu eru að störfum á vöktum. Einn forstöðumaður er yfir báðum búsetueiningunum í 100% stöðugildi. Fjöldi þjónustuþega er átta.

Hvesta

Í Hvestu starfar forstöðumaður, sem jafnframt veitir skammtí mavistun forstöðu, sex leiðbeinendur og einn tímavinnustarfsmaður í ræstingum. Samtals 4,74 stöðugildi.

Þangað sækja 15 fatlaðir starfsmenn atvinnu og/eða hæfingu á opnunartíma Hvestu frá 8–16, alla virka daga. Verkefni eru sniðin að þörfum einstaklingsins með áherslu á tengsl við atvinnulífið. Á árinu 2025 var aukin áhersla lögð á fjölbreytt starf í listasmiðju og áframhaldandi samstarf við atvinnulífið. Í því felst til dæmis samvinna við dagdeild á Hlíf, Gróanda, Stöðina heilsurækt, Kertahúsið, Eyri, Vesturafli, Hamraborg og Fisk du nord.

Skammtímvistun

Skammtímvistun var opin aðra hverja helgi árið 2025 og þangað sóttu tveir einstaklingur þjónustu frá föstudegi til sunnudags. Annað barnið dvaldi aðra hverja helgi en hitt barnið eftir samkomulagi á daginn. Fjórir tímavinnustarfsmenn störfuðu í skammtímvistun á ólíkum vöktum. Húsnæðið var jafnframt nýtt af félagslegri liðveislu og þroskajálfa í leikskóla í störfum sínum með fötluðum börnum. Starfsemin flytur í nýtt húsnæði á árinu 2026

SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

SKRIFSTOFA SKÓLA- OG TÓMSTUNDASVIÐS

Á skrifstofu skóla- og tómstundasviðs eru þrír starfsmenn. Undir sviðinu eru samtals 52 deildir, 26 deildir undir fræðslumálum og 26 deildir undir æskulýðs- og íþróttamálum. Alls eru 16 forstöðumenn yfir þessum deildum en jafnframt eru tvær deildir einkareknar með framlögum frá Ísafjarðarbæ.

Fagnefnd sviðsins er skóla-, íþrótt- og tómstundaneftnd og fundaði hún alls 20 sinnum á árinu.

SKÓLAR

Framlög til leik- og grunnskóla í öðrum sveitarfélögum

Tvö börn með lögheimili í öðru sveitarfélagi sóttu leikskóla í Ísafjarðarbæ. Tvö börn með lögheimili í öðru sveitarfélagi sóttu grunnskóla í Ísafjarðarbæ á meðan eitt barn með lögheimili í Ísafjarðarbæ sótti skóla í öðru sveitarfélagi.

Rukkað er fyrir slíka þjónustu samkvæmt [viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) vegna leikskólavalar utan lögheimilissveitarfélags og [viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga](#) vegna grunnskólanáms utan lögheimilissveitarfélags.

Leikskólar

Eyrarskjól

Nemendur: 74-85

Stöðugildi: 1-4 stuðningsstöðugildi. Önnur stöðugildi greitt með framlagi frá Ísafjarðarbæ.

Rekstrarniðurstaða 2025: 20 m.kr. undir áætlun. Ástæðan er að það voru færri börn á leikskólanum en áætlað var haustið 2025.

Helstu verkefni / áherslur: Nýr samningur Ísafjarðarbæjar við Hjallastefnuna var undirritaður í nóvember 2025. Gott og traust samstarf milli Eyrarskjóls og Ísafjarðarbæjar einkenndi árið. Leikskólinn varð 40 ára á árinu og var haldið upp á daginn með pompi og prakt..

Sólborg

Nemendur: 55-60

Stöðugildi: 20

Rekstrarniðurstaða 2025: 5 m.kr. undir áætlun. Skýring er að ekki tókst að manna öll stöðugildi sem áætlað var fyrir.

Helstu verkefni / áherslur: Á árinu lagði leikskólinn áherslu á að innleiða hæglæti í starfið sitt en það er ákveðið svar við streitu og hraða í samfélaginu. Starfsfólk er sammála um að innleiðingin hafi tekist vel og sé áhugavert að sjá hvað hægt sé að eyða mörgum óþarfa streituvöldum. Helsta áskorunin á árinu var skortur á menntuðu starfsfólki innan skólans.

Tangi

Nemendur: 30-42

Stöðugildi: 10

Rekstrarniðurstaða 2025: 3 m.kr. undir áætlun. Skýringin er að erfiðlega gekk að manna stöður.

Helstu verkefni / áherslur: Tangi hlaut Orðsporið 2025 sem eru hvatningarverðlaun Kennarasambands Íslands fyrir að vera leiðandi leikskóli á Íslandi í útikennslu. Helsta áskoranirnar eru mannekla og húsnæðismál en húsnæði Tanga hefur reynst of lítið fyrir starfseminna síðastliðin fimm ár

Grænigarður

Nemendur: 6-12

Stöðugildi: 4,5

Rekstrarniðurstaða 2025: 8 m.kr. yfir áætlun. Skýringin er orlofsuppgjör (4 m.kr. yfir áætlun) og aukinn launakostnaður vegna veikinda starfsmanna.

Helstu verkefni / áherslur: Leikskólabörnum á Grænagarði hefur fjölgað mikið sem er fagnaðarefni. Skólinn leggur mikla áherslu á skapandi vinnu, frjálsan leik og útinám. Skólalóðin þarfnast yfirhalingar en mörg tæki eru komin til ára sinna.

Laufás

Nemendur: 16-18

Stöðugildi: 6,2

Rekstrarniðurstaða 2025: 5 m.kr. undir áætlun. Skýringin er að leikskólinn seldi meiri mat til grunnskólans en áætlað var.

Helstu verkefni / áherslur: Laufás er heilsuleikskóli og vinnur samkvæmt þeirri stefnu en hún leggur áherslu á lýðræði, sjálfshjálp, næringu og lífsleikni. Starfsmannavelta hefur verið lítil sem gerir starfsemi Laufáss stöðuga og afar góða.

Tjarnarbær

Nemendur: 15-18

Stöðugildi: 6,7

Rekstrarniðurstaða 2025: 2 m.kr. Skýringin er að launakostnaður reyndist lægri en áætlað var. Helstu verkefni / áherslur: Starfsmannahópurinn fór á áhugavert námskeið um sjálfsprottinn leik sem er grunnurinn að öllu leikskólastarfi. Í framhaldinu voru gerðar breytingar á skólastarfinu til að gefa ærsla-leik og sjálfsprottnum leik meira rými í starfinu. Einnig var hæglæti innleitt sem dregur verulega úr streitu í öllu starfi sem bæði börn og starfsfólk nýtur góðs af. Helstu áskoranirnar eru hátt hlutfall barna af erlendum uppruna. Tók leikskólastjóri þátt í þróunarverkefni á landsvísu til að efla móttöku og menntun barna af erlendum uppruna sem hefur reynst vera dýrmæt reynsla.

Grunnskólar

Grunnskólinn á Ísafirði

Nemendur: 405-415

Stöðugildi: 65,1

Rekstrarniðurstaða 2025: 12 m.kr. yfir áætlun. Skýringin á framúrkefslunni eru langtímaveikindi starfsmanna.

Helstu verkefni / áherslur: Skólinn er ríkur af starfsfólki sem hefur helgað sig í vinnu með börnum. Í október var blásið til veislu til að fagna þremur starfsmönnum sem hafa unnið við skólann í yfir 30 ár sem er ómetanlegt. Helstu áskoranir varða húsnæðismál skólans en hann er orðinn of lítil fyrir þann fjölda nemenda sem gengur í skólann. Starfsmannaaðstaða er einnig orðinn of lítil og sem dæmi má nefna að allir starfsmenn skólans hafa aðgengi að aðeins tveimur salernum.

Grunnskóli Öfundarfjarðar

Nemendur: 10-12

Stöðugildi: 4,5

Rekstrarniðurstaða 2025: 1,5 m.kr.

Helstu verkefni / áherslur: Skólinn bauð upp á mikla útikennslu á árinu og var m.a. unnið skemmtilegt náttúruverkefni í samvinnu við Náttúrustofu Vestfjarða. Kennarar leggja áherslu á að nýta umhverfið við kennslu og spretta upp ýmis skemmtileg verkefni tengd því. Lögð var áhersla á aukið samstarf milli fámennari skólanna þriggja í Ísafjarðarbæ sem hefur tengt bæði nemendur og starfsfólk. Skólinn er fámennur sem oft á tíðum er áskorun en með samvinnu og metnaði tekst að halda úti góðu skólastarfi.

Grunnskólinn á Þingeyri

Nemendur: 38-40

Stöðugildi: 8,9

Rekstrarniðurstaða 2025: 5 m.kr. yfir áætlun. Skýringin er skammtíma- og langtímaveikindi starfsmanna.

Helstu verkefni / áherslur: Skólinn lagði áherslu á að vinna með nemendum í að bæta bekkjarbrag og efla samkennd. Var farið í þemaverkefni, samvinnuverkefni þvert á bekk og boðið upp á fræðslu um samkennd. Verkefnið tengdist einnig heimilunum þar sem unnið var að bættu samstarfi heimilis og skóla. Helsta áskorun skólans varðar mikla starfsmannaveltu en það hefur reynst krefjandi að fá menntaða kennara í fullt starf við skólann.

Grunnskólinn á Suðureyri

Nemendur: 29-32

Stöðugildi: 7,3

Rekstrarniðurstaða 2025: 2 m.kr. undir áætlun.

Helstu verkefni / áherslur: Árið einkenndist af spennandi þemaverkefnum og skemmtilegum gestakennurum þar sem nemendur lærðu m.a. stuttmyndagerð, fornleifafræði, leiklist og svo heimsóttu unglingarnir Alþingishúsið. Helsta áskorunin í skólastarfinu er hátt hlutfall nemenda af erlendum uppruna en þeir eru um 60% af nemendum. Þetta hefur þó leitt af sér mikla þekkingu á Suðureyri um hvernig eigi að taka á móti og mennta börn af erlendum uppruna og að virkja erlenda foreldra í skólastarfi.

Aðrar skólastofnanir

Dægradvöl Ísafirði

Fjöldi barna: 80-90

Stöðugildi: 5,3

Rekstrarniðurstaða 2025: 3,5 m.kr. undir áætlun. Skýringin er að ekki tókst að manna í allar stöður á vorönn 2025.

Helstu verkefni / áherslur: Dægradvöl er í boði fyrir börn í 1.-4. bekk grunnskóla og býður upp á frjálsa leiki sem og skipulagt starf fyrir börnin. Mikil og góð samvinna er við Íþróttaskólann og Tónlistarskóla Ísafjarðar. Helsta áskorunin er að húsnæði Dægradvalar er orðið of lítið og rúmar illa allan þennan fjölda barna. Fyrir vikið getur orðið mikill hávaði í rýminu en starfsfólk er ávallt að þróa nýjar leiðir til að halda hljóðvist góðri sem tekst oftast.

Dægradvöl Flateyri, Þingeyri og Suðureyri

Dægradvöl á Flateyri er starfrækt í Grunnskóla Öfundarfjarðar og nýta 4 börn sér þjónustuna.

Dægradvöl á Þingeyri er starfrækt í leikskólanum Laufási og var ekkert barn skráð þar árið 2025.

Dægradvöl á Suðureyri er starfrækt í leikskólanum Tjarnarbæ og voru fimm börn skráð þar árið 2025.

Mötuneyti Grunnskólans á Ísafirði

Skólamötuneytið er mikið notað af nemendum og starfsfólki skólans en að meðaltali borða þar um 350 manns á dag. Í mötuneytinu eru 3,5 föst stöðugildi. Þar er lítil starfsmannavelta og sama starfsfólkið verið við störf í mörg ár.

Mötuneyti GÍ var rekið 2 m.kr. yfir fjárhagsáætlun en það skýrist af því að kaup á matvælum urðu meiri en áætlað var.

Tónlistarskóli Ísafjarðar

Tónlistarskólinn er rekinn af Tónlistarfélagi Ísafjarðar en Ísafjarðarbær greiðir laun starfsmanna. Hljóðfæra- og söngnemendur voru 184 vorið 2025. Að auki komu öll börn úr Tanga, og allur 1. og 2. bekkur GÍ í vikulegar söngstundir, um 120 börn.

Í skólanum eru 13,5 stöðugildi kennara og stjórnenda. Skólinn var rekinn 8 m.kr. yfir áætlun sem skýrist af því að launakostnaður var hærri en áætlað var þrátt fyrir að stöðugildum fjölgaði ekki..

Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar

Skólinn er rekin með mánaðarlegum framlögum frá Ísafjarðarbæ. Í skólanum eru 10 nemendur, allir eldri en 18 ára. Deildin fór 4 m.kr. fram úr áætlun vegna langtímaveikinda..

ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Íþróttamannvirki og -svæði

Íþróttahúsið Torfnesi

Stöðugildi: 4,7

Rekstrarniðurstaða 2025: 10 m.kr. undir áætlun. Skýringin er að húsaleigutekjur voru hærrí en áætlað var.

Helstu verkefni / áherslur: Íþróttahúsið er að langmestu notað af aðildarfélögum HSV, svo af Grunnskólanum á Ísafirði og Menntaskólanum á Ísafirði. Í september var haldin stór og glæsileg sýning á vegum Vestfjarðarstofu að nafni Gullkistan. Einnig hélt Fossavatnsgangan lokahófið sitt í húsinu eins og undanfarin ár. Þegar húsið er leigt út fyrir aðra viðburði en kappleiki, íþróttæfingar og íþróttatíma á vegum skóla þarf að loka því í að lágmarki 3-4 daga. Enn er mikil þörf fyrir stærri geymslu undir stóla og annan búnað.

Íþróttavallarhús Torfnesi

Vallarhúsið er á tveimur hæðum og er knattspyrnudeild Vestra með afnot af efri hæðinni en á þeirri neðri eru búningsklefar, boltageymsla og dómarahebergi. Aðeins tveir búningsklefar eru í húsinu en aðstöðuna nota yngri flokkar og meistaraflokkar Vestra ásamt meistaraflokki Harðar. Starfsfólk íþróttahússins á Torfnesi sjá um þrif og minniháttar viðhald á húsinu. Skapast hefur mikil þörf fyrir fleiri búningsklefa.

Sundhöll Ísafjarðar

Stöðugildi: 6,3

Rekstrarniðurstaða 2025: 2 m.kr. yfir áætlun. Tekjur voru minni en áætlað var.

Helstu verkefni / áherslur: Hreinsunarkerfi laugarinnar og loftræstikerfi bilaði í lok ársins 2025 og var því ákveðið að loka sundlauginni á meðan unnið væri að viðhaldi. Margt í húsinu er komið til ára sinna svo sem búningsklefar og íþróttasalur. Starfsmannaaðstaðan er afar lítil en ekkert rými er í húsinu til að stækka hana..

Íþróttamiðstöð Flateyri

Stöðugildi: 1,7

Rekstrarniðurstaða 2025: 3 m.kr. yfir áætlun. Skýringin er meiri yfirvinna en áætlað var vegna veikinda starfsmanna.

Helstu verkefni / áherslur: Í haust varð óhapp í íþróttamiðstöðinni þegar fór að leka í kjallaranum. Það kallaði á kostnaðarsamt og tímafrekt viðhald. Íþróttasalurinn er ekki mikið notaður undir íþróttæfingar en sinnir þó mikilvægu hlutverki sem staður fyrir stærri viðburði á Flateyri.

Íþróttamiðstöð Suðureyri

Stöðugildi: 1,9

Rekstrarniðurstaða 2025: 12 m.kr. yfir áætlun. Skýringin er meiri yfirvinna en áætlað var (6 m.kr.) vegna veikinda, orlofsuppgjör (1 m.kr.), millifærslur vanáætlaðar (1 m.kr.), lífeyrissjóðsgjöld vanáætlun (1 m.kr.) og meiri notkun á heitu vatni en áætlað var (1,5 m.kr.)

Helstu verkefni / áherslur: Töluverðar bilanir voru á árinu á búnaði í sundlauginni á Suðureyri sem ollu röskun á opnun. Skoða þarf að fara í allsherjar viðhald á búningsklefum og reyna koma þar fyrir hólfum eða skápum ef hægt er.

Íþróttamiðstöð Þingeyri

Stöðugildi: 3,5

Rekstrarniðurstaða 2025: 2 m.kr. undir áætlun. Skýringin er að tekjur voru meiri en áætlað var.

Helstu verkefni / áherslur: Íþróttamiðstöðin annast tjaldsvæðið á Þingeyri á sumrin en því fylgir töluverð vinna enda svæðið afar vinsælt og þétt setið fimm mánuði á ári. Keypt voru nokkur ný tæki í líkamsræktina á árinu og stendur til að kaupa meira á komandi árum enda er hún mikið notuð af íbúum.

Skíðasvæði

Stöðugildi: 4 (2 heilsársstöðugildi, önnur tímabundinn tímavinna)

Rekstrarniðurstaða 2025: 2 m.kr. yfir áætlun. Tekjur voru minni en áætlað var enda voru opnunardagar ekki eins margir og vonir stóðu til. Enginn snjór var á páskunum og því varð svæðið af töluverðum tekjum. Á móti kom að ekki tókst að ráða í annað heilsárs stöðugildið fyrr en í nóvember 2025 og því var deildin undir áætlun í launum.

Helstu verkefni / áherslur: Eins og árið 2024 einkenndist árið 2025 af miklu viðhaldi eins og árin á undan og bilaði allt sem gat bilað; annar troðarinn, allar þrjár lyfturnar og kassakerfið. Fór mikill tími starfsmanna í að bilanagreina og laga þessi tæki. Vélageymslan er óviðunandi fyrir starfsfólk að mati Vinnu-
eftirlitsins og tekur sviðsstjóri undir það. Plássið er allt of lítið, þar loftar ekki vel svo starfsmenn anga af olíulykt og starfsmannaaðstaðan of lítil. Finna þarf lausn á þessu. Þá þarf að flytja skíðaleiguna tvisvar sinnum á ári, inn og út úr skíðaskálanum, sem tekur mikinn tíma frá starfsmönnum.

Golfvellir

Enginn starfsmaður á vegum Ísafjarðarbæjar er á golfvöllinum og er hann að mestu rekinn af sjálfboðaliðum innan Golfklúbbs Ísafjarðar. Ísafjarðarbær er þó með verkefnasamning við golfklúbbinn um umsjá golfvallarins og fær í staðinn stöðugildi sem nemur fimm mánuðum í launaflokki 121. Samkvæmt stjórn golfklúbbsins var aðsókn á golfvöllinn mikil síðastliðið sumar en bæði bæjarbúar og aðkomufólk nýttu hann vel.

Aðrar deildir

Vinnuskólinn

Stöðugildi: 6,1 (samtals allir nemendur auk stöðugilda vegna stuðnings)

Rekstrarniðurstaða 2025: 3 m.kr. undir áætlun. Skýringin er að launakostnaður var minni en áætlað var.

Helstu verkefni / áherslur: 54 nemendur voru skráðir í vinnuskólann árið 2025 og var þeim dreift í mismunandi verkefni sem þau sinntu allt sumarið. Þeir sem tóku við vinnuskólanemendum í ár voru siglingaklúbburinn Sæfari, knattspyrnudeild Vestra, Golfklúbbur Ísafjarðar, Vesturafli, HSV og leikskólarnir Sólborg, Eyrarskjól, Tangi, Grænigarður og Laufás ásamt ýmsum fyrirtækjum í bænum. Jafnframt tóku yngstu nemendurnir þátt í Sjávarútvegsskólanum sem unninn er í samstarfi Háskólans á Akureyri og sjávarútvegsfyrirtækja á svæðinu..

Félagsmiðstöðvar

Stöðugildi: 0,7

Rekstrarniðurstaða 2025: 1 m.kr. yfir áætlun.

Helstu verkefni / áherslur: Félagsmiðstöðvar eru reknar á Ísafirði, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri fyrir ungmenni í 8.–10. bekk grunnskóla. Þar starfa níu manns í tímavinnu. Starf félagsmiðstöðvanna er skipulagt í samráði við unglिंगana sem þær sækja. Farið er í ferðir til dæmis á Samfés í Reykjavík og söngvakeppni á Vesturlandi sem hefur heppnast afskaplega vel. Boðið er upp á sérstaka Hinsegin félagsmiðstöð fyrir unglिंगa sem skilgreina sig hinsegin og hefur tekist að bjóða þeim upp á öruggt og skemmtilegt skjól fyrir þann hóp.

Starfsmenn félagsmiðstöðvarinnar Djúpið urðu í haust varir við ákveðna áhættuhegðun hjá unglिंगum fyrir utan félagsmiðstöðina. Var því ákveðið að boða foreldra á fund til að ræða mögulegar leiðir til að grípa inn í þá þróun og ræða leiðir til forvarnar. Um 100 manns mættu á fundinn og er ánægjulegt að segja frá því að hann skilaði góðum árangri, sem sýnir hvað samvinna við foreldra er mikilvæg..

STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐ

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

Íbúum Ísafjarðarbæjar fjölgaði um 35 manns árið 2024. Fjölgun var mest í Hnífsdal og á Ísafirði, og örlítil fjölgun á Flateyri og Þingeyri, en fækkun á Suðureyri. Fjöldi álagðra eigna og gjaldenda fasteignagjalda hækkaði örlítið.

	2023	2024	2025	Breyting
Íbúafjöldi skv. Hagstofu Íslands*	3.730	3.797	3.832	+9,2%
Fasteignagjöld: Fjöldi eigna	4.019	3.921	3.931	+0,3%
Fasteignagjöld: Gjaldendur	5.657	5.646	5.695	+0,9%

Samanburður á íbúafjölda og fasteignagjöldum árin 2023-2025.

**Miðað við tölur 1. janúar.*

Launagreiðslur	2023	2024	2025	Breyting
Meðaltalsfjöldi launagreiðslna á mánuði	562	582	573	-1,55%
Heildarfjöldi launagreiðslna	6.741	6.995	6.881	-1,63%
Skjöl á stjórnsýslu- og fjármálasviði				
Stofnuð mál ár árinu	257	247	342	+38,5%
Fjöldi mála sem var lokað	205	115	205	+78%
Opin mál í lok árs	52	132	137	+1,5%
Reikningar				
Fjöldi útgefna reikninga	17.186	15.100	34.292	+127%*
Bókaðir lánadrottnareikningar	15.097	16.311	17.130	+5%
Hlutfall rafrænna reikninga á móti pappír	98%	98%	99%	

Samanburður á fjölda launagreiðslna, stofnaðra mála og útgefna reikninga 2023-2025

**Skýring mikils munar er nýtt sölukerfi sem fjölfaldar hverja færslu. Unnið er að nýrri forritun með Wise. Raunhæf aukning útgefna reikninga gæti verið um 10-15%..*

VERKEFNI STJÓRNSÝSLU- OG FJÁRMÁLASVIÐS

Starfsmannahald og vinnuaðstaða

Hugað var að bættri vinnuaðstöðu starfsfólks á sviðinu, s.s. með betri hljóðvist með kaupum á ullarskilrúmunum milli vinnustöðva, og bættri vinnuaðstöðu með endurnýjun tölvuskjáa og skrifborðsstóla þar sem þörf var á. Lokið var við innleiðingu fartölva í stað borðtölva. Stærstu framkvæmdir ársins hófust undir lok árs, með loftskiptum og bættri lýsingu. Vonast er til þess að loftþurrkur og öndunarfæraóþægindi starfsmanna heyri nú sögunni til. Vegna framkvæmdanna fluttu starfsmenn út af sviðinu þann 1. desember 2025 og fengu leigt tímabundið rými í Vestrahúsinu, í aðstöðu Vestfjarðastofu og Vinnumála- stofnunar. Samtímis var allt rafmagn á sviðinu endurbætt, skipt um brunavarnarkerfi og sett upp nýtt

kerfisloft, auk þess sem allir veggir voru málaðir. Flutningarnir voru jafnframt nýttir í góða tiltekt í geymslum og á gömlum skrifstofubúnaði og skjölum.

Stjórnsýsluverkefni

Fjöldi verkefna og þjónusta er unnin á sviðinu, enda stoðsvið fyrir aðrar stofnanir og svið sveitarfélagsins. Lögbundið verkefni bæjarstjórnar, Þjónustustefna Ísafjarðarbæjar, var unnin og samþykkt í fyrsta skipti, í kjölfar íbúafunda í byggðakjörnum og rafræns samráðs.

Ýmsar nýjar reglur voru settar og aðrar uppfærðar, auk breytinga á ýmsum samþykktum sveitarfélagsins. Nýjar reglur Ísafjarðarbæjar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa voru settar haustið 2025, auk þess sem reglur um netnotkun, meðferð tölvupósts, gagna, tölvu- og hugbúnaðar voru uppfærðar með hliðsjón af notkun gervigreindar hjá sveitarfélaginu. Breytingar voru gerðar á samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar með samþykkt viðauka nr. 3-12, um heimild til fullnaðarafgreiðsla mála hjá starfsmönnum og fastanefndum, sem mun leiða til minni tafa og skilvirkari stjórnsýslu. Þá voru nýjar samþykktir um hundahald og um kattahald samþykktar í bæjarstjórn, þar sem leyfisskylda katta var afnumin.

Þá var samþykkt nýtt erindisbréf fyrir yfirkjörstjórn og undirkjörstjórnir í Ísafjarðarbæ, auk þess sem tveir starfshópar voru stofnaðir á árinu og erindisbréf þeirra samþykkt, það eru nefnd um framtíðarhúsnæði leik- og grunnskóla í Skutulsfirði, og nefnd um byggingu slökkvistöðvar í Skutulsfirði.

Árið 2024 fékk sveitarfélagið heimild fjármálaráðuneytisins til sölu á hjúkrunarheimilinu Eyri, og var unnið að því stóra verkefni út árið 2025. Var salan á Eyri samþykkt í bæjarstjórn í desember, en sölunni fylgdi jafnframt nýr afnotasamningur Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á fasteigninni, sem gerður hafði verið við ráðuneytið. Sala fasteignarinnar mun hafa umtalsverð áhrif á rekstur sveitarfélagsins til bóta. Þá var félagsheimilinu á Flateyri afsalað til nýs félags, Hollvinasamtaka Samkomuhússins á Flateyri, auk 7 m.kr. styrks til endurbóta á húsinu, og rekstrarsamnings til 10 ára.

Unnið var að gerð ýmissa annarra samninga og endurnýjun samninga á sviðinu, s.s. þjónustusamnings við Björgunarsveitina Tinda, rekstrarsamnings um Félagsheimilið í Hnífsdal, samnings við KPMG um endurskoðun, við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um sjúkraflutninga í Ísafjarðarbæ, leigusamnings um rými fyrir aðgerðarstjórn í Guðmundarbúð, tímabundins leigusamnings slökkviliðsins í Guðmundarbúð meðan ný slökkvistöð er í byggingu, auk styrktarsamnings um fasteignagjöld vegna Skíðheima á Seljalandsdal.

Í lok árs var samið við félagið Ansa til að leiða greiningu á verklagi á sviðum bæjarskrifstofa og aðstoða við innleiðingu betri og skilvirkari ferla innan sviða og milli sviða. Vinnan hófst undir lok árs og fyrirhugað að verkefninu ljúki að vori 2026.

Sameiginleg innkaup, upplýsingatækni og persónuvernd

Farið var í tvö stærri útboð í sameiginlegum innkaupum, vegna kaupa á raforku fyrir sveitarfélagið og um upplýsingatæknimál, þar sem útboðinu var skipt upp í þrjá hluta; netrekstur, hýsingu og rekstur og fjar- og vettvangsþjónustu. Var það útboð 13 m.kr. undir kostnaðaráætlun og leiddi til mikillar bragarbótar á upplýsingatæknimálum sveitarfélagsins. Samhliða fékkst 9 m.kr. styrkur vegna netöryggisaðgerða í upplýsingatæknimálum frá Eyvör NCC-IS, sjóðs á vegum Rannís, sem nýttur var til að gera

úttekt á netöryggismálum sveitarfélagsins, efla varnir, framkalla gerviárás á kerfin og fræða starfsmenn um netöryggi, m.a. á stóra starfsmannadeginum haustið 2025. Þá voru öll Microsoft leyfi sveitarfélagsins yfirfarin og samið að nýju við birgja, tekið var upp nýtt og öruggara VPN, og innskráningarleið Vinnustunda nútímavædd með appi og vefsíðu, en ekki símtækjum á vinnustöð.

Stór öryggisbrestur varð hjá Wise varðandi gögn sveitarfélaga í lok árs 2025. Unnið var að meðferð þess máls í upphafi árs, auk þess sem árið nýtt í ýmsa endurskipulagningu og öryggisumbætur á kerfinu. Kallaðist það vel á við aðrar öryggisumbætur sem voru gerðar á netkerfum sveitarfélagsins í kjölfar fyrrgreindrar styrkveitingar.

Mjög stór uppfærsla var innleidd í byrjun sumars á BC365 fjárhagsbókhaldskerfi sveitarfélagsins, sem tók lungann af árinu að vinna úr og hnýta alla lausa enda. Það tafði alla vinnu fjármáladeildar við reglubundin verkefni og fjárhagsáætlun að hausti, en verður vonandi komið á réttan kjöl fyrri hluta árs 2026. Samhliða var skipt um greiðslumiðlun, hætt með Rapyd og keypt þjónusta hjá Teya.

Þá var fest kaup á nokkrum gervigreindarlausnum frá Evolv fyrir fjármáladeild, sem á að auðvelda og flýta fyrir rútínubundnum verkum fjármáladeildar og fækka villum í verkefnum, s.s. við afstemmingar lánardrottna, útsendingu reikninga, greiðslur húsnæðisbóta, og afhendingu hreyfingaryfirlita. Innleiðing hófst undir lok árs og verður framhaldið árið 2026.

Að hausti var jafnframt hafist handa við að rafvæða alla umsýslu launadeildar, og hætta notkun pappírs, s.s. vegna ráðningarsamninga, eyðublaða og gagnaskila. Í því tilliti var ákveðið að koma gögnum allra starfandi starfsmanna á rafrænt form, en það er nokkur handavinna að skanna persónumöppur inn í mannauðshluta OneSystems, sem ekki hafði verið að fullu nýttur til þessa. Í kjölfarið munu starfsmenn og stjórnendur skila ráðningar- og starfsmannagögnum með rafrænum hætti, oftast í gegnum Þjónustugátt. Stefnt er að fullkomnu pappírslaysi launadeildar árið 2026.

Að hausti var hafin vinna við ráðgjöf á tryggingamálum sveitarfélagsins, en vorið 2026 er stefnt á útboð. Mjög langt er síðan fengin var utanaðkomandi aðstoð tryggingasérfræðings við að rýna umhverfi sveitarfélagsins, en mikilvægt að það sé gert með reglubundnum hætti. Þá voru persónuverndarmálefni sveitarfélagsins rýnd með svokallaðri gloppugreiningu hjá Deloitte. Niðurstaða þess lá fyrir um áramótin 2025/2026, sem unnið verður úr á komandi ári.

Þá var nýtt starfsmannakerfi innleitt, Avia, sem tók við af Workplace. Nokkrir hnökrar voru á innleiðingunni í upphafi, enda nýtt kerfi sem er í þróun hjá birgja. Kerfið heldur utan um fræðslukerfi sveitarfélagsins og mun halda utan um starfsmannatengd gögn, s.s. gátlista, stefnur, og upplýsingar fyrir stjórnendur og starfsmenn. Fyrirhugað er að loka síðunni „Fyrir starfsmenn“ á vefsíðu sveitarfélagsins þegar innleiðingu er lokið. Kerfinu fylgir jafnframt spjallapp í síma og tölvur þar sem starfsfólk getur átt snörp samskipti sín á milli, svipað og *Messenger* hjá *Facebook/Meta*.

Skjalamál

Frá árinu 2021 hefur staðið yfir áttak í skjalamálum þar sem starfsmenn hafa verið virkjaðir til betri vinnubragna, meðal annars með því að halda sérstakan skjaladag tvisvar á ári. Meginmarkmiðið er að ganga frá og loka sem allra flestum málum, enda eldri mál öll á pappíriformi.

Í lok árs 2024 var samþykkt að hefja rafræn gagnaskil hjá sveitarfélaginu og hófst rafrænt vörslutímabil 10. mars 2025, sem stendur í fimm ár. Eftir 10. mars 2025 þarf ekki að prenta út og skila málum á pappír, myndist þau rafrænt. Mun því lokun og frágangur mála eftir þann tíma verða mun auðveldari. Mikilvægt er þó að vinna niður eldri málahala þar sem frágangi pappírsganga er ólokið.

Vegna framkvæmda í Stjórnsýsluhúsi varð aðeins einn skjaladagur árið 2025, enda aðeins hluti starfsmanna í húsinu frá október 2025. Skjaladagur sem venjulega er haldinn í nóvember/desember féll niður sem gæti skýrt óvenju lága tölu af lokuðum málum 2025. Í upphafi átaks hafði verið búið að loka og ganga frá 10 þúsund málum í kerfinu (fyrstu málin voru frá 2001) og síðan þá hefur um 12 þúsund málum verið lokað. Enn eru þó um 20% mála opin og mikilvægt að loka málum um leið og þau eru afgreidd.

Nokkuð stór gagnaskil voru til Héraðsskjalasafnsins vegna gömlu hreppanna, og við tiltekt var gögnum Fjórðungssambandsins skilað til þess, en gögnin höfðu fengið geymslupláss í skjalageymslum sveitarfélagsins tímabundið.

Eftirfarandi tafla sýnir stöðuna.

	2023	2024	2025
Mál stofnuð á árinu	1.870	1.744	2.398
Málum frá árinu lokað	1.239	752	745*
Mál frá árinu enn opin	618	992	1.653

** Eðlilegt er að því nýrri sem málin eru, því fleiri séu enn opin, og skýrir það fjölda opinna mála frá árinu 2024-25, auk þess sem annar skjaladagurinn 2025 féll niður.*

Í upphafi árs var nýr málalykill fyrir málakerfið jafnframt samþykktur, til prufu í eitt ár, og var árið því nýtt í að rýna hann vel, svo hægt væri að festa hann í sessi til framtíðar í upphafi árs 2026. Samhliða var skrifuð notendahandbók fyrir skjalakerfið, haldin kennslu- og upprifjunarnámskeið í notkun kerfisins og námskeið í fundarritun.

Ársreikningur 2024 og fjárhagsáætlun 2026

Endurskoðun fór fram með ágætum og var ársreikningur 2024 samþykktur í bæjarstjórn þann 15. maí 2024. Afkoma Ísafjarðarbæjar árið 2024 var jákvæð og skilaði afgangi sem nam 1.174 m.kr.

Stjórnsýsluskoðun kom vel út og var án alvarlegra athugasemda.

Þá var fjárhagsáætlun 2026 unnin haustið 2025, sem lauk með samþykki bæjarstjórnar 20. nóvember, auk framkvæmdaáætlunar, viðhaldsáætlunar og samþykkt rúmlega 20 gjaldskráa. Áætlunin gerði ráð fyrir 583,5 m.kr. króna afgangi á A- og B-hluta og að rekstur A-hluta verði jákvæður um 275 m.kr.

Íbúáþjónusta

Vefur Ísafjarðarbæjar er í stöðugri þróun og var veftré vefsíðunnar endurskoðað á árinu, og umsóknum og eyðublöðum bætt við þjónustugátt. Áfram var unnið að innleiðingu nýs vefsölukerfis, sem hefur þó gengið heldur hægt vegna ýmissa tækniörðugleika, bæði í hug- og vélbúnaði.

Innleiddar voru tengingar kerfa sveitarfélagsins við stafrænt pósthólf á island.is, en á árinu 2025 var opnað á milli island.is og OneSystems málakerfisins, Kjarna launakerfisins og BC365 bókhaldskerfisins. Öll skjöl, bréf og ákvarðanir sem sveitarfélagið sendir málsaðilum fer nú til birtingar í stafrænt pósthólf íbúa og málsaðila, lögum samkvæmt. Hefur það sparað gríðarlega fjármuni við póstsendingar, er umhverfissvænna með minni pappírnotkun og hefur bætt vinnustaðstæður og sparað starfsmönnum tíma. Þá fara allir launaseðlar starfsmanna og reikningar til gjaldenda og þjónustuþega til birtingar í stafrænt pósthólf, sem hefur sparað bankakostnað við birtingu í heimabanka. Samhliða var fyrirtækjasamningi við Póstinn sagt upp, svo og samningi við Umslag og Burðargjöld..

Ferðalög, ráðstefnur, fræðsla og heimsóknir

Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjárálasviðs og upplýsingatæknistjóri héldu erindi á ráðstefnu í Grósku þar sem verkefni sveitarfélagsins um netöryggisstyrkinn var kynnt fyrir örðum styrkhöfum og bakhjólum ESB og Rannís. Jafnframt fóru þau, auk fjármálastjóra, með Sambandinu, til Danmerkur hausti 2025 á ráðstefnu um stafræn málefni sveitarfélaga. Fjármálastjóri sótti fund stjórnenda á stjórnsýslu- og fjármálasviðum í maí, en hann var haldinn í Borgarbyggð þetta árið. Þá sóttu starfsmenn sviðsins ýmiss námskeið vegna sinna málaflokka, auk þess sem hvatt er til notkunar á fræðsluefni Akademias. Að hausti var haldinn stór sameiginlegur starfsmannadagur í Grunnskólanum á Ísafirði, sem var vel sóttur og margt áhugavert á dagskrá, eins og að framan greinir um netöryggisvitund starfsmanna.

Í október fóru bæjastjóri, sviðsstjóri og fjármálastjóri, auk nokkurra bæjarfulltrúa á Fjármálaráðstefnu Sambandsins í Reykjavík. Var dagskráin metnaðarfull og fræðandi. Fjórðungsping að vori fór fram á Ísafirði, og að hausti í Hnífsdal, sem bæjarstjóri og sviðsstjóri fóru á, auk bæjarfulltrúa. Bæjarstjóri og sviðsstjóri ákváðu að hvíla reglulega mánaðarlega fundi með hverfisráðum, en settu meiri áherslu á reglulega vinnudaga og opna fundi bæjarstjóra með sviðsstjórum og/eða öðrum starfsmönnum í hverjum kjarna, þar sem fundað var jafnframt með hverfisráðum. Þá komu starfsmenn Lánasjóðs sveitarfélaga í heimsókn til Ísafjarðarbæjar og funduðu með sviðinu og bæjarfulltrúum. Jafnframt var fundað með þáverandi menntamálaráðherra vegna fyrirhugaðra breytinga á menntaskólakerfinu og um framtíðaruppbyggingu í verknámi á Ísafirði. Að lokum kom Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra í heimsókn og ræddi áfallapol sveitarfélaga og gerð áhættumats. Sviðsstjóri sat jafnframt Farsældarþing Vestfjarða að hausti..

MENNINGARMÁL OG ATVINNUMÁL

Menningar- og atvinnumál

Menningarmálanefnd fundaði nokkrum sinnum á árinu og veitti m.a. 3,5 m.kr. af menningarstyrkjum til fjölbreyttra verkefna í sveitarfélaginu, alls 21 verkefni. Þá var verklag í kringum umsóknir og greiðslu menningarstyrkja bætt, til einföldunar fyrir umsækjendur og starfsmenn; ferli var einfaldað, stytt og gagnaskil gerð auðveldari.

Menningarmálanefnd útnefndi bæjarlistamann að hausti, Ingvar Friðbjörn Sveinsson, fyrir framlag hans til líkanagerðar af skipum og togurum sem bera með sér sögu sjávarútvegs, menningar og mannlífs við strendur Vestfjarða.

Þá var menningarviti Ísafjarðarbæjar veittur í fyrsta sinn, til heiðurs Steinþóri Friðrikssyni (Dúa) og Gróu Böðvarsdóttur, fyrir óeigingjarnt og ómetanlegt starf í þágu menningar, en þau hafa staðið vaktina í Ísafjarðarbæ í nær fjóra áratugi.

Viðburðir og hátíðir sveitarfélagsins voru haldnir með hefðbundnum hætti, s.s. Skíðavika, 17. júní, Veturnætur og tendranir jólaljósa í öllum kjörnum. Þá átti safnahúsið 100 ára afmæli á þjóðhátíðardaginn og var öllum hátíðargestum því boðið til veislu í Safnahúsinu eftir að formlegri hátíðardagskrá á Eyrartúni lauk. Þar var boðið upp á afmælisköku, myndir af húsinu og starfsemi í því frá upphafi og listasýningu. Tókust hátíðahöldin einstaklega vel og það í nýuppgerðu Safnahúsinu, en endurbætur hafa staðið yfir síðustu ár til að klæða húsið í sinn besta búning fyrir 100 ára afmælið. Að lokum voru sviðspallar sveitarfélagsins endurnýjaðir, en eldri pallar fengu nýtt heimili í íþróttahúsinu á Flateyri, enda nýttir við Stútung og fleiri skemmtileg tilefni.

Þá fékk sveitarfélagið styrk að fjárhæð kr. 900.000 frá eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands til að setja upp fimm söguskilti í viðbót á Ísafirði við þau fimm sem sett höfðu verið upp tveimur árum fyrr. Menningarmálanefnd hefur jafnframt sett í aðgerðaáætlun sína að setja upp söguskilti í öllum kjörnum.

Endurnýjaður var samningur við Aldrei fór ég suður félag um hátíðahöld um páska. Var nýr samningur gerður til þriggja ára. Þá var endurnýjaður samstarfssamningur við Kómedíuleikhúsið til þriggja ára. Veittir voru styrkir til sex féлага- og félagasamtaka að fjárhæð um 530.000 kr. vegna fasteignagjalda.

Safnahúsið

Safnahúsið á Eyrartúni er aðsetur Bókasafns Ísafjarðar, Héraðsskjalasafnsins Ísafirði, Ljósmyndasafnsins Ísafirði og Listasafns Ísafjarðar. Tveir forstöðumenn eru yfir þessum söfnum.

Eins og áður sagði átti Safnahúsið 100 ára afmæli árið 2025. Umfangsmiklum viðgerðum og endurbótum á húsinu var að mestu lokið 17. júní þegar afmæli hússins var fagnað. Búið er að endurnýja glugga og gler hússins að mestu leyti, aðeins á eftir að skipta um bogagler. Blómabeð við húsið voru hreinsuð og runnar fjarlægðir. Innanhús voru gerðar ýmsar endurbætur, ber þar helst að nefna endurgerð á barnadeild bókasafnsins á 1. hæð og nýja vinnu-, fundar- og sýningaraðstöðu í hluta kjallara.

Efnt var til ýmissa viðburða í tilefni af 100 ára afmæli hússins. Ber hæst hátíðarhöld 17. júní þar sem íbúum Ísafjarðarbæjar var boðið upp á afmælisköku og kaffi auk þess sem fólk fékk tækifæri til að skoða allar vistarverur hússins. Af öðrum viðburðum á afmælisárinu ber helst að nefna málþing sem haldið var 15. nóvember undir yfirskriftinni „Gömul hús á Ísafirði: Arfleið og áskoranir“.

Bókasafnið Ísafirði

Á Bókasafninu Ísafirði störfuðu fimm starfsmenn í 2,55 stöðugildum, undir stjórn Eddu Bjargar Kristmundsdóttur. Safnkosturinn er rúmlega 58 þúsund gögn. Útlán á árinu voru rúmlega 13.000, þar af Rafbókasafnið með rúmlega 1.800 útlán, en útlán hafa aukist milli ára.

Bókasafnið er opið sex daga vikunnar allt árið, en aukaopnanir eru á sumrin vegna skemmtiferðaskipa.

Bókasafnið býður upp á viðburði fyrir börn og fullorðna, til dæmis bókaklúbba fyrir fullorðna og unglinga, foreldramorgna, bókasþjall og rithöfundaheimsóknir, dagskrá á Veturnóttum og skólafríum, auk sumar-

lesturs barna. Bókasafnið tekur þátt í Viku 17 sem er alþjóðleg vika heimsmarkmiða á bókasöfnum, og Púkanum, barnamenningarhátíð Vestfjarða.

Húsið er nýtt fyrir ýmskonar sýningar, kynningar og námskeið. Einnig hittast hópar svo sem íslensku-spjallhópurinn Þriðja rýmið, en það er í stefnu bókasafnsins að bjóða nærsamfélaginu að koma með viðburði sína á bókasafnið.

Bókasafnið gefur út sérstaka ársskýrslu um starfsemi sína fyrir árið 2025 sem er aðgengileg á vef Safnahússins og á vef Ísafjarðarbæjar..

Héraðsskjalasafnið og Ljósmyndasafnið Ísafirði

Á Héraðsskjalasafninu störfuðu fimm starfsmenn í 3,8 stöðugildum, undir stjórn Guðfinnu Hreiðarsdóttur. Auk þess var eitt ungmenni frá vinnuskóla Ísafjarðarbæjar í vinnuþjálfun yfir sumartímann. Starfsmenn Héraðsskjalasafnsins skipta með sér verkefnum Ljósmyndasafnsins. Þjónusta safnanna er fyrst og fremst í gegnum tölvupóst, en einnig síma og samfélagmiðla. Árið 2025 voru 308 skráðar fyrirspurnir til skjalasafns og ljósmyndasafns, auk tilfallandi minni fyrirspurna. Afgreiðslur á lessal voru 15 og tvær beiðnir um millisafnalán. Skjalasafninu bárust 44 afhendingar á árinu 2025, 28 þeirra innihéldu ljósmyndir.

Skjöl eru aðgengileg á lestrarsal safnsins og í gegnum millisafnalán, auk þess sem vísað er á stafræn gögn á skjalavef safnsins, vef Þjóðskjalasafns Íslands og annarra skjalasafna. Skráð og frágengin skjöl eru um 180 hillumetrar, frágengin skjöl með afhendingaskrá eru um 400 hillumetrar og ófrágengin skjöl um 300 hillumetrar. Skjöl sem bíða afhendingar eru áætluð nálægt 90 hillumetrum.

Skjalasafnið vann að tveimur miðlunarverkefnum á árinu 2025, annars vegar var unnið var að skönnun og miðlun gerðabóka Ísafjarðarkaupstaðar og hreppa í Ísafjarðarsýslu, verkefni styrkt af Þjóðskjalasafni. Hins vegar skönnun og miðlun á fundargerðarbókum íþróttafélagsins Stefnis á Suðureyri, verkefni styrkt af Fræðslusjóði UMFÍ. Áfram var unnið að skráningu sóknarmannatala fyrir Þjóðskjalasafn en það verkefni hófst 2011 og hefur staðið samfleytt síðan. Fræðsla tengd starfsemi safnanna er í formi fyrirlestra, kynninga, sýninga og miðlunar efnis á vefmiðlum. Ber helst að nefna ljósmyndasýningu í tilefni af 100 ára afmæli Safnahússins, viðburðinn „Huldukonur og framtaksraddir“ sem haldinn var í samstarfi við Listasafnið og ljósmyndaheimsóknir í félagsaðstöðu eldri borgara á Hlíf. Starfsmenn sóttu tvær skjalaráðstefnur erlendis.

Söfnin gefa út sérstaka ársskýrslur um starfsemi sína sem eru aðgengilegar á vef Safnahússins og á vef Ísafjarðarbæjar.

Listasafn Ísafjarðar

Árið 2025 var starfandi einn starfsmaður í stöðu sérfræðings við Listasafn Ísafjarðar. Var hann í 50% starfshlutfalli fram í júní en að mestu leyti í fæðingarorlofi það sem eftir var árs. Guðfinna Hreiðarsdóttir veitir safninu forstöðu.

Á árinu 2025 voru 10 sýningar á vegum safnsins og áætlaður gestafjöldi um 4000, fjórar sýningar voru í sýningarsal og sex sýningar á göngum og í kjallara. Myndlistarsjóður styrkti sýningar í sal. Boðið var upp á fjögur

námskeið fyrir börn og ungmenni, styrkt af Barnamenningarsjóði og Púkanum Barnamenningarhátíð á Vestfjörðum. Í tilefni af 100 ára afmæli Safnahússins bauðst börnum og ungmennum, 18 ára og yngri, að taka þátt í Myndalottói þar sem dregið var úr myndum sem túlkuðu Safnahúsið á einhvern hátt. Nemendur á Lista-og nýsköpunardeildar Menntaskólans á Ísafirði komu í þrjár heimsóknir en auk þess voru nokkrar leiðsagnir um sýningar safnsins. Listasafnið tók þátt í tveimur samstarfsverkefnum, annars vegar með Listasafni Íslands og hins vegar með Skjalasafninu Ísafirði og Ljósmyndasafnið Ísafirði. Í tilefni af sýningu um listakonuna Kristínu Þorvaldsdóttur (1870–1944) var efnt til viðburðar undir yfirskriftinni „Huldukonur og framtaksraddir“.

Árið 2025 var haldið áfram að ástandsskoða og skrá safnkost Listasafns Ísafjarðar. Safnið eignaðist engin ný verk á árinu, hvorki bærust gjafir né verk keypt. Rakel Olsen og Einar Falur Ingólfsson færðu Listasafni Ísafjarðar að gjöf 100 eintök af bók um listamanninn Kristján H. Magnússon og munu tekjur af sölu hennar renna til kaupa á verkum fyrir safnið.

Listasafnið gefur út sérstaka ársskýrslur um starfsemi sína sem eru aðgengilegar á vef Safnahússins og á vef Ísafjarðarbæjar.

UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐ

SKRIFSTOFA UMHVERFIS- OG EIGNASVIÐS

Á skrifstofu umhverfis- og eignasviðs eru sjö stöðugildi.

Vöxtur hefur verið í umsvifum sviðsins, meðalfjöldi mála hefur farið úr 15,4 málum á mánuði árið 2020 í 33,6 mál á mánuði árið 2025, samtals 403 mál. Í samantekt mála eru ekki mál sem eru á ábyrgð annarra en tengjast sviðinu.

Skipulags- og byggingarmál eru að jafnaði mjög tímafrek í vinnslu og reynist starfsmönnum erfitt að finna tíma til frágangs á loknum málum.

SKIPULAGSMÁL

Síðustu ár hefur ekki verið starfandi skipulagsfulltrúi á umhverfis- og eignasviði en í maí 2025 hóf skipulagsfulltrúi störf sem gegnir jafnframt starfi umhverfisfulltrúa.

Skipulags- og mannvirkjanefnd fundar að jafnaði tvisvar í mánuði, á fimmtudögum í annarri og fjórðu viku hvers mánaðar. Skipulagsfulltrúi á umhverfis- og eignasviði er starfsmaður skipulags- og mannvirkjanefndar, en auk þess starfar með nefndinni sviðsstjóri umhverfis og eignasviðs, byggingarfulltrúi og verkefnastjórar. Nefndin fer með bygginga- og skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um mannvirki nr. 160/2010, nefndin gerir tillögu til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar.

Á fundum nefndarinnar eru tekin fyrir mál er varða skipulagsbreytingar á aðal- og deiliskipulagsstigi. Fyrirspurnir varðandi skipulags- og byggingarmál, umsagnir af ýmsu tagi. Útgáfa framkvæmdaleyfa, lóðastofnanir þar sem skipulag liggur ekki fyrir, ásamt málum sem byggingarfulltrúi hefur vísað til nefndarinnar. Þá eru afgreiðslufundir byggingarfulltrúa jafnframt lagðir fram til kynningar í nefndinni.

Á árinu voru 2025 voru haldnir 21 fundir þar sem 279 mál voru afgreidd. Rétt er að taka fram að þetta eru ekki allt einstök mál heldur er fjöldi afgreiðslna á fundum nefndarinnar talinn saman, og getur sama málið verið talið nokkrum sinnum þar sem sum mál koma til afgreiðslu nefndarinnar á mismunandi stigum málsmeðferðar.

Auglýsingar skipulagsáætlana

Á árinu voru fjórar birtingar í B-deild Stjórnartíðinda um gildistöku breytinga og/eða nýrra deiliskipulagstillagna. Að auki birti Skipulagsstofnun fjórar auglýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi.

BYGGINGAMÁL

Byggingarfulltrúi annast alla umsjón með afgreiðslu byggingarleyfa, yfirferð aðaluppdráttar og sérteikninga. Hann fer einnig með eftirlit með skráningu byggingarstjóra og í fasteignaskrá, stöðuskoðanir, öryggis- og lokaúttektir, ásamt því að veita umsagnir um rekstrarleyfi og starfsleyfi auk annarra verkefna sem heyra undir byggingarreglugerð.

Byggingarfulltrúi afgreiðir umsóknir um byggingarleyfi í samræmi við ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Ferli byggingarleyfa er tvískipt. Annarsvegar er farið yfir uppdrætti og fylgigögn samkvæmt skoðunarhandbók HMS., sem hefur samræmt ferli á landsvísu.

Byggingarfulltrúi kannar jafnframt hvort fyrirhuguð framkvæmd samræmist skipulagi sem gildir um viðkomandi svæði þar sem fyrirhugað mannvirki á að rísa. Ef svo er er umsækjandi upplýstur um að byggingaráform séu samþykkt eftir yfirferð og að skipulagsskilmálar séu uppfylltir.

Síðari hluti afgreiðslunnar eftir samþykkt byggingaráforma það er að segja útgáfa byggingarleyfis, á sér stað þegar öllum skilyrðum byggingarleyfis hefur verið uppfyllt samkvæmt byggingarreglugerð.

Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa voru níu árið 2024. Þessa fundi sitja alla jafna byggingarfulltrúi og eftir atvikum áheyrnarfulltrúi frá eldvarnareftirliti Ísafjarðarbæjar.

Á afgreiðslufundum byggingarfulltrúa voru tekin til afgreiðslu 81 mál.

Í umhverfis- og framkvæmdanefnd voru haldnir 11 fundir og 63 mál voru afgreidd. Starfsmaður nefndarinnar er skipulags- og umhverfisfulltrúi og að jafnaði situr sviðsstjóri einnig fundi nefndar.

VIÐHALD OG FRAMKVÆMDIR

Viðhald

Árið 2025 var viðburðarríkt bæði í viðhaldi eignarsjóðs sem og í almennum útboðsmálum. Almennt hefur verið uppsöfnuð viðhaldspörf hjá sveitarfélaginu og einkennandi að það eru margir fermetrar um það fjármagn sem er áætlað í málaflokkinn.

Þyngstu viðhaldsverkefni voru meðal annars við Grunnskólann á Ísafirði. Skipt var um þakjárn á hluta byggingarinnar, húsið málað að utan. Innanhúss var húsið brunahólfað betur í samræmi við kröfur reglugerðar og komið fyrir nýjum flóttaleiðum.

Á Flateyri var skipt um járn á þaki grunnskólans. Framkvæmdum við Safnahúsið á Ísafirði lauk á árinu með því að húsið var allt endurglerjað og málað að utan. Þá voru talsverðar framkvæmdir við Félagsheimilið á Þingeyri en steypt var nú botnplata í húsið og skipt um glugga en framkvæmdir við húsið halda áfram á þessu ári og mun þessum áfanga ljúka.

Viðhald eignasjóðs var í heild sinni að upphæð 201.896.687 kr. og skiptist svo niður á deildir í krónum talið:

Viðhald eignasjóðs 2025		
31120	Skólahúsnæði, Ísafirði	62.404.708
31160	Skólahúsnæði Flateyri	28.150.864
31180	Skólahúsnæði Þingeyri	2.302.517
31190	Skólahúsnæði Suðureyri	2.193.335
31220	Íþróttamannvirki Ísafirði	9.217.648
31260	Íþróttamannvirki Flateyri	12.141.875

31280	Íþróttamannvirki Þingeyri	3.591.283
31290	Íþróttamannvirki Suðureyri	2.689.207
31320	Þjónustubyggingar Ísafirði (Safnahús, Neðstikaupstaður)	49.498.805
31330	Þjónustubyggingar innskattanlegar	414.493
31380	Þjónustubyggingar Þingeyri (Félagsheimili)	21.087.340
31390	Þjónustubyggingar Suðureyri (Slökkvistöð)	4.374.825
31410	Opnir leikvellir	3.332.709
31520	Íbúðarhúsnæði Ísafirði	464.615
31690	Ýmsar fasteignir, aðrar	32.463
	Samtals:	201.896.687

FASTEIGNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Viðhaldsverkefni Fasteigna Ísafjarðarbæjar voru með meira móti á síðasta ári. Viðhaldskostnaður félagsins nam 36 m.kr. Stærsta einstaka framkvæmdin voru þakskipti á Pollgötu 4 og var hlutdeild Fasteigna Ísafjarðarbæjar í verkinu 24 m.kr. Þá fengu tvær íbúðir í Hlíðarvegsblokk andlitslyftingu með nýjum gólfefnum og nýju eldhúsi og samanlagt kostaði það 8 m.kr.

Fasteignum félagsins fækkaði umtalsvert á árinu. Eignir félagsins á Suðureyri og Þingeyri, samtals 20 íbúðir, voru seldar til Brákar íbúðafélags sem er húsnæðissjálfsseignarstofnun í eigu sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins. Þá var einnig lokið við að selja eignir félagsins á Dalbraut í Hnífsdal og Stórholti á Ísafirði.

Fjárfestingar og útboðsverk eignasjóðs

Helstu fjárfestinga- og útboðsverk eignasjóðs á síðasta ári, í milljónum króna.

Yfirlit yfir fjárfestingar eignasjóðs	
Slökkvistöð - hönnun og grundun lóðar	67,8
Suðurtangi lóðahreinsun	70
Gí skólalóð	6
Safnahús - verklok í kjallara	7,5
Vatnsdæluhús og dælukerfi Torfnæs	12
Úti sánur Flateyri og Suðureyri	6
Varmadælu við Sundlaug á Þingeyri	30
Göngustígur Suðureyri	28,8
Gamli Gæsló - verklok	8,3
Fráveita Suðureyri - hreinsivirki	35,6
Fráveita Þingeyri - hreinsivirki og endurgerð götu	56,2
Hreystigarður við Hlíf	4,2
Samtals:	332,4

Einnig voru umtalsverðar fjárfestingar í tækjabúnaði eignasjóðs. Fjárfest var fyrir 13 m.kr. í bifreiðum fyrir Slökkvilið Ísafjarðarbæjar. Kominn var tími á endurnýjun á bíla- og tækjaflota þjónustumiðstöðvarinnar enda voru tækin orðin þung í viðhaldi. Samtals kostnaður við endurnýjun bíla- og tækja þjónustumiðstöðvar nam um 44 m.kr.

LIFE ICEWATER

Í lok árs 2024 var tilkynnt um að Ísafjarðarbær fékk 327 m.kr. styrk frá Evrópusambandinu til að bæta meðhöndlun fráveituvatns í Pollinum í Skutulsfirði.

Verkefnið er hluti af stærra verkefni, LIFE ICEWATER, og er heildarupphæð styrksins 3,5 m.kr. Ísafjarðarbær er næststærsti styrkþeginn í verkefninu. Verkefnið er af þeirri stærðargráðu að starfsmaður var ráðinn til sviðsins til að hafa yfirumsjón með því og var gengið frá ráðningu í nóvember og er sýnataka í Pollinum og annar undirbúningur hafinn.

SLÖKKVILIÐ Í SAFJARÐARBÆJAR

STÖRF SLÖKKVILIÐS ÁRIÐ 2025

Almennt

Stefna Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar er að slökkviliðið sé alltaf tilbúið til útkalla. Við erum björgunarlið fyrir alla bæjarbúa og gesti.

Fjórir starfsmenn eru í fullu stafi hjá slökkviliði Ísafjarðarbæjar. Þeir sinna öllum störfum sem koma inn á borð slökkviliðs, svo sem sjúkraflutningum, eldvarnareftirliti og slökkvitækjapjónustu. Auk þess að skipuleggja æfingar og endurmenntun fyrir aðra slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn.

Í slökkviliði eru starfandi 55 slökkviliðsmenn, 25 á Ísafirði, og tíu á hverri útstöð á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri.

Einnig eru sex slökkviliðsmenn í Súðavík og 25 í Bolungarvík sem eru í umsjá Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar samkvæmt þjónustusamningi.

Starfsstöðvar sjúkraflutninga eru tvær; á Ísafirði og Þingeyri. Þrír sjúkrabílar eru á Ísafirði og einn á Þingeyri. Bakvakt er á sjúkrabíl alla daga ársins er hér á Ísafirði.

Á hverju hausti er haldinn starfsdagur slökkviliðs og þar eru línur lagðar fyrir næsta starfsár, auk þess er lagður fram innkaupalisti og æfingaáætlun slökkviliðs. Æfingar slökkviliðs fara fram einu sinni í mánuði og íþróttæfingar fara fram tvisvar í viku undir stjórn þjálfara.

Á útstöðvum eru æfingar einu sinni í mánuði yfir veturinn, undir stjórn þjálfunarstjóra.

Heimsóknir eru alltaf þó nokkrar til slökkviliðsins, sérstaklega yfir sumarið. Þá koma margir gestir af skemmtiferðaskipum, flestir af þeim eru slökkviliðsmenn eða fyrrverandi slökkviliðsmenn. Leikskólabörn og önnur börn koma líka reglulega til okkar í heimsókn..

Sjúkraflutningar

Lítilsháttar fækkun var í sjúkraflutningum, en þeir voru 443 á árinu.

- F-1 útkall í hæsta forgangi: 77
- F-2 útkall á forgangi: 65
- F-3/F-4 almennir sjúkraflutningar: 301.

Læknir frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða kemur með í flest F-1 forgangsútköll. Slökkvilið þakkar læknum á heilbrigðisstofnuninni fyrir þeirra framlag til sjúkraflutninga á árinu.

Öll útköll hjá slökkviliði, sjúkrabílum og vettvangsliðum fara í gegnum Neyðarlínu 112.

Fjöldi sjúkraflutninga á sjúkrabíl á Þingeyri voru 27.

Endurnýjun á einum sjúkrabíl hjá okkur, sá er með rafmagnsbörum sem er til mikilla bóta fyrir starfsmenn. Beiðni liggur inni hjá Rauða Kross um endurnýjun á sjúkrabíl fyrir Þingeyri.

Mjög erfið útköll voru á sjúkrabíl sem kröfðust meiri vinnu og úrlausna en venjulega. Var kallað að borðinu menntað fólk til að aðstoða okkur.

Skíðavikan og Aldrei fór ég suður, Fossavatnsgangan og Hlaupahátíðin á Vestfjörðum eru stórar hátíðir á svæði slökkviliðsins, er þá sett inn auka bakvakt á sjúkrabíl.

Einnig er sett inn aukavakt þegar að farþegafjöldi frá skemmtiferðaskipum fer yfir 6000 farþega í bænum á sama degi. Þessir dagar voru 10 árið 2025.

Endurmenntun fer fram á hverju ári og er keypt kennsla frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og frá læknum sem vinna á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.

Endurnýjaður var samningur við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða um sjúkraflutninga, gildir hann í fimm ár.

Heilsueftirlit

Undir stjórn hjartasérfræðings eru allir slökkviliðsmenn teknir í blóðprufu, læknisskoðun og hjartalínurit. Að auki er gripstyrkur mældur og rúmmáls-lungnamælingar. Þvagprufur verða teknar á þessu ári hjá öllum. Heilsuefning er að aukast og læknisskoðun að verða viðameiri hjá öllum starfsmönnum.

Reykkafarar skulu standast þrekpróf sem tekið er af þjálfara slökkviliðs og fá þá greitt þrekálag mánaðarlega.

Fjórða Covid-19 bólusetningin auk hinnar árlegu flensubólusetningar var í boði fyrir slökkviliðsmenn.

Eldvarnareftirlit

Auknar kröfur eru gerðar á eldvarnareftirlitsmenn og fasteignaeigendur. Árlega er gefin útskoðunaráætlun og eru fyrirtæki heimsótt og skoðuð. Sum á hverju ári en önnur á fjögurra ára fresti, fer eftir hvaða starfsemi er rekin í fasteigninni og hversu margir starfsmenn og/eða gestir geta verið í rýminu í einu.

Umsóknir sem berast frá sýslumanni skipta tugum á ári. Góð samvinna er á milli slökkviliðsins og byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar, byggingarfulltrúa Bolungarvíkurkaupstaðar, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og verkfræðistofa í bænum.

Farið var í eldvarnarskoðun í inndjúp, skoðaðar voru kirkjur, hótél og gististaðir, allt samkvæmt reglugerð.

Ný lög voru samþykkt frá Alþingi sem veita slökkviliðum auknar heimildir til skoðunar, bæði í atvinnu- húsnæði, óleyfisíbúðum og heimilum, en fyrir skoðun á heimili þurfa að liggja ríkar ástæður.

Frekari kynningar vegna aukinnar heimildar slökkviliða og eldvarnareftirlits vegna óleyfisíbúða í atvinnu- húsnæði er að vænta frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun..

Slökkvitækjaþjónusta

Seld og yfirfarin slökkvitæki er stór þáttur í starfsemi Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar, bæði fyrir heimili, skip og bíla. Starfsemin er í húsnæði sem Ísafjarðarhöfn á og leigir slökkviliði.

Starfsleyfið var endurnýjað á árinu og gildir það í fimm ár.

Bíla- og húsnæðismál

Viðhald á bílum er stór kostnaður á hverju ári. Allir bílar slökkviliðsins eru að eldast og brýnt er að ráðast í innkaup á nýjum eða notuðum 10-12 tonna vatnstankbíl. Þetta verður bíll númer eitt í gróðureldum sem eru alltaf að verða stærri ógn. Kaupin eru komin inn á framkvæmdaáætlun.

Bygging hófst á nýrri slökkvistöð á Suðurtanga og er áætlað að framkvæmdum ljúki 2028. Skrifstofur slökkviliðs fluttu í leiguhúsnæði hjá Regus, í gamla Landsbankanum, en færðu sig undir lok árs í Guðmundarbúð, í aðstöðu aðgerðastjórnar.

HAFNASJÓÐUR.

HAFNIR ÍSAFJARÐARBÆJAR

Hjá höfnum Ísafjarðarbæjar starfa 12 starfsmenn í 10,5 stöðugildum undir stjórn Hilmars K. Lyngmo, hafnarstjóra. Þar af eru þrír starfsmenn á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Vaktarsími er til staðar á öllum stöðunum.

Aukning er á bátum sem þjónusta ferðamenn meðal annars hvalaskoðun og fleira. Unnið er við að bæta aðstöðu til að taka á móti farþegum skemmtiferðaskipa og þeirra sem þjónusta þá..

Skemmtiferðaskip

Árið 2025 voru 188 skemmtiferðaskipakomur hjá höfnum Ísafjarðarbæjar, með um 247.000 farþega. Tekjur hafnasjóðs af þeim voru um 853 milljónir.

Landanir

Landaður sjávarafli var samtals 18.513 tonn hjá höfnum Ísafjarðarbæjar árið 2025 sem skiptist svo:

Höfn	Landaður sjávarafli
Flateyri	654 tonn
Ísafjörður	11.337 tonn
Suðureyri	4.071 tonn
Þingeyri	2.451 tonn

Þá var 92,85 tonnum af eldisfiski landað í Ísafjarðarhöfn og 5.022 tonn af rækju flutt inn að auki.

Vöruflutningar

Vöruflutningar um hafnir Ísafjarðarbæjar voru 38.535 tonn sem skiptist svo:

Vöruflutningar 2025	
Innflutningur	9.289 tonn
Útflutningur	13.729 tonn
Strandflutningur	15.517 tonn

FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingar árið 2025

Yfirlit fjárfestinga Ísafjarðarbæjar 1. janúar–31. desember 2025 í þúsundum króna.

Verkefni	Framkvæmd, bókað á tímabilinu	Upphafleg fjár- hagsáætlun verks	Viðaukar: Fjárheimild, breyting á tímabilinu	Viðaukar: Fjárheimild, staða í lok tímabils	Mismunur á bókun og áætlun
A-hluti					
32 Eignasjóður:					
01 Ofanflóðavarnir	88.434	50.000	25.000	75.000	-13.434
02 Húsnæði og lóðir	124.956	108.000	6.600	114.600	-10.356
03 Leikskólar	24.146	60.000	-41.800	18.200	-5.946
04 Íþróttamannvirki	61.219	50.500	23.004	73.504	12.285
06 Gatnagerð	101.930	88.000	-30.000	58.000	-43.930
06 Gatnagerðagjöld	-122.189	-50.000	-77.000	-127.000	-4.811
07 Tækjakaup	13.061	10.000	13.100	23.100	10.039
08 Opin svæði	16.609	15.000	14.500	29.500	12.891
99 Ófyrirséð	0	16.500	-11.700	4.800	4.800
32 Samtals eigna- sjóður	308.166	348.000	-78.296	269.704	-38.462
34 Þjónustumiðstöð	50.874	32.000	26.296	58.296	7.422
Samtals A-hluti	359.040	380.000	-52.000	328.000	-31.040
B-hluti					
42 Hafnarmannvirki	413.841	520.000		520.000	106.159
44 Vatnsveita	5.689	60.000	-55.000	5.000	-689
52 Eyri		0	0	0	
54 Þjónustuíbúðir	924	-53.000	53000		-924
58 Fastís					
62 Fráveita	104.924	60.000	44.000	104.000	-924
64 Funi	0	13.000	-10.000	3.000	3.000
Samtals B-hluti	525.378	600.000	32.000	632.000	106.622
Samanlagt A og B	884.418	980.000	-17.000	960.000	75.582